

Borgarstjórn
28. febrúar 2017

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um aukna þjónustu við flóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd

Lagt er til að Reykjavíkurborg yfirfari fyrir árslok 2017 verklag vegna móttöku flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd, auki fræðslu um málefni þessara hópa og skilgreini og tryggi flóttamönnum og umsækjendum um alþjóðlega vernd aðgengi að nauðsynlegri þjónustu.

Greinargerð:

Ungmennaráð Kjalarness vill að Reykjavíkurborg auki fræðslu um málefni flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd því að óvissa og þekkingarleysi sem og skortur á upplýsingaflæði milli þeirra sem að málum standa og íbúa þeirra hverfa sem taka á móti þessum einstaklingum geta alið á fordómum. Ungmennaráðið vill líka gagnrýna skort á þjónustu við flóttamenn og umsækjendur um alþjóðlega vernd sem búa í póstnúmeri 116, ljóst er að þeir eiga erfitt með að sækja grunnþjónustu þar sem hún er ekki staðsett í hverfinu og almenningssamgöngur eru stopular.